



GAMMA: Iceland Liquidity Fund

GAM Management hf.

GAM Management hf.
Klappartígur 29
101 Reykjavík

5. mars 2012

GAMMA: LIQUIDITY

GAMMA: LIQUIDITY er verðbréfasjóður, skv. lögum 128/2011, sem fjárfestir í skuldabréfum og víxlum, sem gefnir eru út af ríkissjóði, aðilum með ríkisábyrgð eða tryggðir með ríkisábyrgð, s.s. Íbúðalánasjóði. Að auki hefur sjóðurinn heimild til fjárfestingar í innlánum fjármálafyrirtækja.

Markmið GAMMA: LIQUIDITY er að skila ávöxtun í samræmi við skammtímavaxtastig á markaði og er líftími sjóðsins ávallt lægri en 1 ár. Sjóðurinn hentar vel til ávöxtunar á fé til skemmri tíma eða fyrir fjárfesta sem vilja tiltölulega litlar sveiflur í ávöxtun.

Sjóðurinn beitir virkri stýringu með þeirri aðferðafræði sem GAMMA hefur þróað og notað við stýringu annarra skuldabréfasjóða.

Árleg umsýslupóknun er 0,40% og enginn kostnaður er við kaup eða sölu og enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Um GAM Management hf. og sjóðsstjóra

GAM Management hf. [GAMMA] er rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. GAMMA fékk starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu í mars 2009.

GAMMA sérhæfir sig í fjárfestingu á vaxtamarkaði (e. fixed income) og leggur sérstaka áherslu á tækifæri sem felast í íslenskum skuldabréfa-, vaxtamarkaði.

Sjóðsstjóri er Valdimar Ármann, hagfræðingur og fjármálaverkfræðingur, sem starfaði hjá ABN AMRO í London við verðbólgu tengdar afurðir frá 2003-2006 og síðan í New York frá 2006-2008 hjá sama banka, og síðast RBS sem Vice President, Head of Inflation Structuring USA. Fyrst starfaði Valdimar hjá Búnaðarbankanum í afleiðum og gjaldeyrisviðskiptum. Hann hefur sinnt kennslu við Háskóla Íslands og kennir nú námskeiðið Skuldabréf í meistaranámi í hagfræði. Hann hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum á Íslandi sem og í Bandaríkjunum og Bretlandi.

Sýn sjóðsstjóra

Ávöxtun GAMMA: LIQUIDITY var 0,26% í febrúar og hefur verið 0,85% síðustu 3 mánuði. Hækkun frá stofnun, 13. apríl 2011, er 2,89%.

Eftirspurn eftir víxlum var mikil í síðasta útboði en vextirnir hækkuðu þó frá janúar útboði og voru nálægt 3%. Hvort það sé vegna yfirvofandi vaxtahækkana eða annarra hluta er erfitt að segja en ljóst er að flestir markaðsaðilar eru orðnir sammála um að Seðlabankinn muni hækka vexti á næstu tveimur fundum sínum um 0,25-0,75%. Verðbólguþrýstingur virðist vera viðvarandi og allar líkur á því að Seðlabankinn vilji hækka skammtíma raunvaxtatið. Hefur þetta leitt til þess að krafa óverðtryggðra bréfa hefur hækkað töluvert undanfarinn mánuð og má þar t.a.m. nefna kröfuna á RB13 með rúmlega 1 ár í líftíma sem hefur hækkað um 0,35%. Sjóðurinn er vel í stakk búinn að takast á við hærri vexti og mun fljótlega ná að nýta sér hærri vaxtastig sér í hag.

Gengisþróun og ávöxtun

Ávöxtun

1 mán	0,26%
3 mán	0,85%
6 mán	2,47%
stofnun*	2,89%

*stofndagur 13. apríl 2011


Kennitölur

Hrein eign [m.kr.]	1.810
Verðtryggt	2,00%
Meðallíftími ár	0,34
90 daga flókt	0,34%

Helstu upplýsingar

Gjaldmiðill:	ISK
Lágmarksupphæð:	10þ. kr.
Rekstrarform:	Verðbréfasjóður
Árleg póknun:	0,40%
Gengismunur:	0,00%
Innlausnargjald:	0 kr.
Sölutímabil:	Viðskiptadagar fyrir kl. 14:00
Gengisuppreikningur:	Daglegur í lok dags
Meðallíftími:	Lægri en 1 ár
Hámarks stærð:	Engin
Skráning:	Rafrænt hjá Verðbréfaskráningu

Eignasamsetning



Tölur um ávöxtun vísa til fortíðar og hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð.

Skuldabréfateymi

Valdimar Ármann
s: 519 3304
valdimar@gamma.is
Sjóðsstjóri

Gisli Hauksson
s: 519 3301
gisli@gamma.is

Guðmundur Björnsson
s: 519 3303
mummi@gamma.is

Agnar T. Möller
s: 519 3302
agnar@gamma.is

Fyrirvari:

Um fjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. Mat, álit og forspár endurspeglar eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna GAM Management hf. sem vinna um fjöllunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svo upplýsingar þær sem birtast í þessari um fjöllun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábyrgjumst við ekki beint eða óbeint notagildi þeirra varðandi forspá um framtíðarávöxtun eða mat á núverandi verðgildi eða framtíðarverðgildi verðbréfa. Um fjöllunin ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum né á þeim mörkuðum sem hér er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólíkar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum GAM Management hf. og stafar það af því að beitt er mismunandi forsendum eða aðferðafræði. GAM Management hf. er rekstrarfélag Verðbréfasjóðs GAM Management. Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útbóðslýsingu eða útdrætti úr útbóðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á heimasíðu GAM Management hf. eða á skrifstofu félagsins. Almennt fylgir áhættu fjárfestingu í verðbréfasjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað, m.a. vegna áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflóks gjaldmiðils þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. Athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.